

# LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 91-29899, 630325, 630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

## 12. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöll 29. september 1995.

Mættir voru:

Guðmundur Jónsson, Halldór Gunnarsson, Jón Bergsson, Guðbrandur Kjartansson, Sigurgeir Bárðarson, Ágúst Oddsson, Marteinn Valdimarsson, Sigurður Þórhallsson og Sigbjörn Björnsson.

Formaður setti fund kl. 14:45.

### 1. Undirbúningur 46. ársþings.

Eins og fram hefur komið verður 46. ársþing L.H. haldið í Garðabæ 27. og 28. okt. n.k. Undirbúningur þinghalds er hafinn og ársskýrslan er í vinnslu á skrifstofunni. Fyrir fundinum lá álit keppnisnefndar L.H. á þingskjólum frá þinginu á Hvolsvelli s.l. haust þ.e. 1994 sem nefndin fékk til meðferðar og úrlausnar. Tillögur keppnisnefndar voru ræddar og óskað eftir að nefndin skili þeim tilbúnum sem þingskjólum fyrir næsta stjórnarfund.

### 2. Mótun tillagna stjórnar.

Ræddar voru hugmyndir á hvern hátt L.H. gæti aflað fjár til að fjármagna lyfjaeftirlit samtakanna. Á liðnu sumri voru tekin alls 10 próf sem kostuðu L.H. um kr. 300.000. Gjaldkera falið að móta tillögur hvað þetta varðar. Rædd voru agamál innan L.H. hvað varðar brot félagsmannna. 45. ársþing L.H. samþykkti að skora á stjórn L.H. að beita sér fyrir því í samvinnu við stjórn HÍS að samin verði ein reglugerð um agamál sem gildi fyrir bæði samtökin. Málið verður rætt við stjórn HÍS á næstu dögum. Rædd var skilgreining laga L.H. hvað varðar markmið og leiðir með starfsemi þess.

### 3. Tillögur nefnda.

Tillaga frá mótanefnd L.H. lá fyrir fundinum. Í henni er gert ráð fyrir að landsmót verði haldin annað hvert ár.

Önnur tillaga mótanefndar fjallar um að endurskoðuð verði eftirfarandi atriði varðandi landsmót:

- a) rekstrarform.
- b) innihald.
- c) fjármál.
- d) rammasamningur við BÍ.
- e) eftirgjald til L.H.

Tillögurnar voru ræddar og töldu stjórnarmenn þær í samræmi við niðurstöður formannafundar L.H. sem haldinn var 5. maí s.l.

### 4. Þema þingsins 27. og 28. okt. n.k.

Framlegð hestamanna og markaðsmál. Málið rætt töluvert og samþykkt að fá eftirtalda framsögumenn: Einar Bollason, Þórarinn Sólmundarson og Birgi Þorgilsson. Sigurður falið að ganga frá málum við þessa aðila.

## **5. Landsmót 1998.**

Formaður ræddi um fyrirhugaðan fund með fulltrúum eyfirska hestamannafélaganna og stjórn Melgerðismela s.f. varðandi málefni landsmóts 1998. Af hálfu stjórnar munu mæta til fundarins Guðmundur, Guðbrandur og Halldór.

## **6. Formannafundur HÍS.**

Formaður gerði grein fyrir formannafundi HÍS sem haldinn var nýlega. Ákveðið var að Guðmundur, Guðbrandur og Kristmundur fari til fundar við stjórn HÍS til viðræðna um framhald sameiningarmálsins og vinnu skipuritsnefndar. Niðurstaða þessa fundar þarf að liggja fyrir á næsta fundi stjórnar L.H. þar sem hún þarf að gera grein fyrir málinu á komandi landsþingi. Töluberðar umræður urðu um sameiningarmál L.H. og HÍS litið til framtíðar. Fundurinn með HÍS er fyrirhugaður 3. okt. n.k.

## **7. Reikningar L.H.**

Endurskoðaðir reikningar ársins 1994 lágu fyrir endurskoðaðir. Stjórnin yfirfór reikningana og ræddi ýmsa liði bæði tekju- og gjaldamegin. Þá lá fyrir vinnumeintak vegna milliuppgjörs ársins 1995 pr. 31. ágúst. Halli á rekstri ársins 1994 er kr. 149.816.

## **8. Önnur mál.**

Sigurður dreifði bréfi til stjórnarmanna undirritað af Óttari Geirssyni varðandi beitiland í Skógarhólum.

Formaður las bréf sem sent verður fjárhagsnefnd Alþingis. Í bréfinu kemur fram ýmislegt varðandi starfsemi L.H. einkum um æskulýðsstarf og unglingsstarf. Í bréfinur óskar L.H. eftir fjárstuðningi frá Alþingi að upphæð kr. 3.000.000. Á árinu 1994 fékk L.H. kr. 1.000.000.

Guðbrandur lagði fram skýrslu lyfjanefndar L.H. og HÍS milli þinga '94-'95. Hann gerði grein fyrir ýmsum atriðum í skýrslunni. Lyfjaeftirlitið gekk vel á árinu og reyndust öll sýni hrein.

Formaður kynnti bréf Landverndar þar sem samtökin boða aðalfund helgina 14. og 15. október n.k. á Hótel Flúðum. Kristmundur verður fulltrúi L.H. og Sigurði falið að finna hinn fulltrúann.

Fleira ekki fært til bókar.

Halldór Gunnarsson

Guðbrandur Kjartansson

Sigurgeir Bárðarson

Ágúst Oddsson

Guðmundur Jónsson

Jón Bergsson

Sigbjörn Björnsson

Marteinn Valdimarsson.